

Nd.

129. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja fiskveiðar Íslendinga, einkum bátatútveginn, með hagkvæmum stofnlánnum til skipa, fiskverkunarstöðva og verksmiðja til vinnslu úr sjávarafurðum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

A. Stofnfé sjóðsins er:

1. Eignir fiskveiðasjóðs Íslands og skuldaskilasjóðs vélbátæigenda, eins og þær eru nú.

2. Tillag úr rikissjóði, ein milljón króna, samkvæmt lögum nr. 99 11. júní 1938.

B. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hundradsgjald af útfluttum sjávarafurðum samkv. lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald.

2. Helmingur þess útflutningsgjalds, sem rikissjóður tekur árlega af hvers konar sjávarafurðum.

3. Vextir.

3. gr.

Í stað orðanna „1½ milljón“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: 4 milljónum.

4. gr.

Í stað orðsins „fiskafurðir“ í lok 4. gr. laganna komi: sjávarafurðir.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Út á ný skip með nýjum vélum má lána allt að helmingi virðingarverðs. Ef einnig er um aukatryggingar að ræða, sem sjóðsstjórnin metur gildar, má lána allt að ⅔ virðingarverðs, sé skipið smíðað hér á landi.

Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipi.

Lengsti lánstími samkv. a-lið 4. gr. er 15 ár.

6. gr.

Upphaf 7. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánnum fiskveiðasjóðs skulu vera 4% — fjórir af hundraði.

7. gr.

Fyrir „Ákvæði 12., 13. og 14. gr.“ í 15. gr. laganna komi: Ákvæði 11., 12., 13. og 14. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru jafnframt úr gildi felld lög nr. 17 12. febr. 1940, um breytingar á lögum nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands.

9. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 99 11. júní 1938 og gefa þau út svo breytt sem lög um fiskveiðasjóð Íslands.

Greinargerð.

Fiskveiðasjóður Íslands var stofnaður með lögum 10. nóv. 1905. Stofnfé sjóðsins var ákveðið 100000 kr., sem ríkissjóður greiddi. Aðrar tekjur stofnsjóðs skyldu vera $\frac{1}{3}$ af sektarfé fyrir landhelgisbrot og $\frac{1}{3}$ af andvirði upptæks afla og upptækra veiðarfæra vegna landhelgisbrota. Auk stofnfjárins skyldi fiskveiðasjóður fá árlegt gjald úr ríkissjóði, 6000 kr.

Samkv. lögnum frá 1905 var tilgangur sjóðsins nokkru viðtækari en síðar varð, skv. lögnum frá 1930 og 1938. Aðaltilgangurinn var að sönnu sá sami: að efla fiskveiðar og sjávarútveg landsmanna með hagkvæmum lánum til skipakaupa. En auk þess mátti lána til veiðarfærakaupa, styrkja efnilega menn til þess að kynna sér veiðiaðferðir annarra þjóða og hagnýtingu sjávarafurða, og loks að veita vörðlaun fyrir afburða atorku á sviði fiskveiðanna og fyrir nýjungar á þeim sviðum.

Árið 1907 var með lögum stofnuð sérstök lánadeild við fiskveiðasjóð. Henni skal stjórnað af tveim mönnum, er ríkisstjórnin skipaði. Í þessum lögum er fyrst skipað fyrir um hámark lána úr fiskveiðasjóði. Mátti það vera 50% af váttryggingarupphæð veðsins, þó ekki yfir 40 þús. kr. út á eitt skip. Lengsti lánstími skyldi vera 15 ár.

Árið 1930 voru samþ. ný lög fyrir fiskveiðasjóð og lögin frá 1905 og 1907 felld úr gildi. Þá var stofnfé sjóðsins aukið um eina milljón króna, sem ríkissjóður skyldi leggja fram. Jafnframt voru samþykkt lög um sérstakt útflutningsgjald, er falla skyldi fiskveiðasjóði. Gjald þetta, fiskveiðasjóðsgjaldið, er $\frac{1}{8}\%$ af öllum útfluttum sjávarafurðum.

Með fiskveiðasjóðslögnum frá 1930 var hámark lána lækkað frá því, sem var í gömlu lögnum. Mátti nú ekki lána hærri upphæð en 30 þús. kr. til sama lántakanda, hversu mörg skip sem hann byggði eða keypti, nema ef lántakandi var samvinnufélag fiskimanna. Þá mátti lána allt að 30 þús. kr. út á hvert skip.

Þegar fiskveiðasjóður tók til starfa eftir lögnum frá 1930, voru eignir hans kr. 697856.30. Á þeim 10 árum, sem síðan eru liðin, hafa eignir sjóðsins aukizt eins og hér segir:

1. Framlag ríkissjóðs	kr.	96000.00
2. Fiskveiðasjóðsgjald	—	470113.26
3. Sektarfé fyrir landhelgisbrot	—	1381.13
4. Innheimt af lánum skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda	—	450358.90
5. Arður af rekstri sjóðsins	—	506405.66

Samtals kr. 1524258.95

Af tekjuliðum þessum eru tveir sérstaklega athyglisverðir. Annar þeirra er það, sem innheimzt hefur af lánum skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda. Það er nær því þriðjungur af eignaaukningu sjóðsins síðustu 10 árin og mega teljast óvæntar tekjur. Hinn liðurinn er framlag ríkissjóðs, sem átti að vera ein milljón króna, en af þeirri fjárhæð hefur ekki greiðzt nema 96 þúsundir. Vegna skorts á rekstrarfé varð sjóðurinn að taka einnar millj. kr. lán í Danmörku. Lán þetta er með 6% vöxtum. Hefur það valdið miklum örðugleikum bæði fyrir rekstur sjóðsins og skuldunauta hans, að sjóðurinn varð að starfa með dýru lánsfé.

Sjávarútvegsnefnd hefur nú unnið að því, að sjóðurinn fái greidda skuld sína frá ríkissjóði. Má telja það útkljáð, að greiðslan fari fram fyrir 1. júní næstk. á þann hátt, að ríkið taki að sér greiðslu þess, sem eftir er af danska láninu, d. kr. 416666.67, en eftirstöðvarnar verði greiddar í peningum.

Í árslok 1940 voru eignir fiskveiðasjóðs samtals kr. 2222115.25. Þá voru liðin 35 ár frá stofnun hans. Vöxtur sjóðsins hefur því verið mjög hægfara, og skortir mikið á, að hann risi undir því hlutverki að sjá útgerðinni fyrir stofnlánum eftir þörfum.

Tildrög þessa frumvarps, er sjávarútvegsnefnd flytur, eru þau, að á fundi nefndarinnar 6. marz síðastl. lagði einn nefndarmanna, Sigurður Kristjánsson, fram frumvarp um breytingar á fiskveiðasjóðslögunum og óskaði, að nefndin flytti það. Ræddi nefndin það á nokkrum fundum, og voru nefndarmenn á einu máli um það, að efni þess þyrfti að komast í lög nú þegar. Að lokum samþykktu allir nefndarmenn, að nefndin flytti frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú er. En tveir nefndarmanna, þeir Gisli Guðmundsson og Jón Ívarsson, áskilja sér rétt til að bera fram breytingar við ákvæði 2. gr. um tekjuöflun til sjóðsins, og við 6. gr. (útlánsvextir).

Höfuðbreytingin, sem frv. þetta gerir á gildandi lögum, er um auknar tekjur fyrir sjóðinn. Stofnlánaþörf sjávarútvegsins hlýtur að verða stórum meiri að stríðinu loknu heldur en hún er nú. Veldur þar miklu, að endurnýjun og eðlileg aukning fiskveiðafloðans hlýtur að tefjast verulega, meðan ófriðurinn varir, og að verðlag hefur breytt stórlega til hækkunar. Ördugt verður eflaust og dýrt að fá erlend lán til skipakaupa fyrstu árin eftir ófriðinn. Virðist nefndinni því, að ekki megi dragast, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að unnt sé að fullnægja lánsþörfinni innan lands.

Önnur mikilvægasta breytingin, sem frv. gerir á núgildandi lögum, er sú, að vextirnir lækka úr 5½% í 4%. Lán til skipasmiða verða að greiðast á stuttum tíma, sökum þess að skipin fynast fljótt. En af þessu leiðir, að lánin hvíla þungt á lán-takanda. Úr því er ekki unnt að draga með öðru en lágum vöxtum.

Útlánsvextir fiskveiðasjóðs voru 5% fram til 1930. Þá voru þeir hækkaðir í 6¼% auk 1% lántökugjalds. Árið 1938 voru útlánsvextir lækkaðir í 5½% og lántökugjaldið afnumið.

Ein breytingin, sem frv. gerir á núgildandi lögum, er sú, að lengsti lánstími til skipa er lengdur úr 12 árum í 15 ár. Má sá lánstími teljast mjög hóflegur, þegar þess er gætt, að skip þau, sem smíðuð eru hér á landi, eru yfirleitt mjög vönduð, bæði að efni og vinnu.

Þess skal að lokum getið, að sjávarútvegsnefnd hafði frv. Péturs Ottesens, þm. Borgfirðinga, til hliðsjónar, er hún gekk frá frumvarpi þessu, og hefur tekið inn í þetta frv. þau atriði þess, er hentaði.

Fylgiskjal.

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs Íslands.

Á tímabilinu 1. jan. 1931 til 31. des. 1940 (10 ár) hafa verið veitt lán úr sjóðnum að upphæð samtals kr. 3635572.00.

Lánveitingar þessar skiptast þannig eftir héruðum:

Reykjavík	kr. 268000.00
Hafnarfjörður	— 173300.00
Ísafjörður	— 325000.00
Siglufjörður	— 83300.00
Akureyri	— 142600.00
Neskaupstaður	— 213960.00
Seyðisfjörður	— 50400.00
Vestmannaeyjar	— 462900.00
Gullbringusýsla	— 480650.00
Borgarfjarðarsýsla	— 339400.00
Snæfellsnessýsla	— 91000.00
Barðastrandarsýsla	— 109700.00
Vestur-Ísafjarðarsýsla	— 133950.00
Norður-Ísafjarðarsýsla	— 100300.00
Strandasýsla	— 31540.00

Skagafjarðarsýsla	kr.	25000.00
Eyjafjarðarsýsla	—	243100.00
Pingeyjarsýslur	—	147762.00
Norður-Múlasýsla	—	19810.00
Suður-Múlasýsla	—	162100.00
Skafthellssýsla	—	15000.00
Árnessýsla	—	16800.00
	Samtals	kr. 3635572.00

Á sama tíma hafa verið afskrifuð tölur á útlánum, samtals kr. 12063.83.